

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2565  
komudagur 7.5.2008



VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dags. 5. maí 2008  
Tilv. 012/8017/MJ/KG

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Veðurstofu Íslands.**

Veðurstofa Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við fyrrnefnt frumvarp sem fram er komið í tengslum við ákvörðun um sameiningu Vatnamælinga og Veðurstofu Íslands. Telur stofnunin að þessi sameining skapi margs konar tækifæri til eflingar á þeim sviðum sem hin nýja stofnun mun starfa á. Með þessari lagasetningu er stefnt að breiðari starfsemi á sviði vatnafræði en hingað til. Auk þess mun samhæfing á vöktun og rannsóknum á allri tegund náttúruvár skapa skilyrði til markvissari öryggisvöktunar og spástarfsemi í veðurfræði, vatnafræði, loftslagsbreytingum, ofanflóðum, hafisfræðum, jarðskjálftum og eldvirkni.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til umsagnar fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Þar kemur m.a. fram að allt að átta starfsmenn geti átt rétt á biðlaunum við þessar breytingar. Kostnaður við það geti orðið allt að 60 m.kr. Veðurstofan tekur undir það álit ráðuneytisins að líklegast sé að einungis hluti starfsmanna muni nýta sér þennan rétt en hafnar hins vegar þeirri ályktun, að hin nýja stofnun geti borið þann kostnað sem því fylgir á nokkrum árum án þess að fá til þess fjárveitingu.

Mikilvægt er að hin nýja Veðurstofa Íslands fái tækifæri til þess að standa vel að sameiningunni og ljóst er að ýmis tímabundinn viðbótarkostnaður fylgir sameiningu stofnana almennt. Biðlaunakostnaður á að mati Veðurstofunnar ekki að takast af rekstrarfé nýrrar stofnunar.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTADAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001  
NETFANG office@vedur.is